

“Grænfáninn”

Leikskólinn Norðurberg

v/Norðurvang

sími: 555-3484

netfang: nordurberg@hafnarfjordur.is

heimasíða: www.leikskolinn.is/nordurberg

Hafnarfjörður 02.05.2016



Skýrsla leikskólans Norðurbergs fyrir umsókn um Grænfánann 2016

Þá er komið að því að sækja um Grænfánann í sjöunda sinn og er mikill speningur hér í leikskólanum að það takist með myndarbrag og að fáninn blakti enn og alltaf við hún í norðurbænum í Hafnarfirði. Hann er tákn okkar og stolt og orðinn hluti af okkur og umhverfinu!!

Í leikskólanum eru tvö umhverfissráð starfandi, eitt fyrir kennara og foreldra (umhverfissráð fullorðinna) og annað fyrir börn, elstu börnin, og kennara (umhverfissráð barna). Fullorðinsráðið hittist einu sinni í mánuði (sjá skóladagatal) yfir veturinn og hefur haldið fundina snemma morguns svo auðveldar sé fyrir foreldri og starfsmenn að sækja fundina. Umhverfissráð barna 2015-2016 hefur hist einu sinni í mánuði frá áramótum. Á þessu skólaári eru 27 börn í elsta árgangi og vegna fjöldans þá höfum við skipt þeim í tvo hópa og því hafa verið haldnir tveir fundir í mánuði. Fundargerðir eru stundum settar saman og stundum eru þær fyrir hvorn fundinn (sjá fundargerðir).

Í umhverfissráði fullorðinna sitja sjö starfsmenn og sex þeirra sitja í tvö ár í senn en leikskólastjóri er æviráðinn!! Það er einn fulltrúi frá hverri deild sem sitja í umhverfissráði leikskólans. Við köllum fulltrúana "umhverfissráðherra" á deildinni og fá þeir tíma á hverjum deildarfundi, sem er um 7-8 sinnum yfir árið, til að fara yfir umhverfismálin eða til að miðla nýjum upplýsingum sé þess þörf til samstarfsfélaga. Einnig setjum við fundargerðir útprentaðar á kaffistofu og í vinnuherbergi starfsmanna. Umhverfissráðið hefur fundað annan fimmtudag í hverjum mánuði, sjá skóladagatal leikskólans. Allar

fundargerðir umhverfissráðana má finna á heimasíðu leikskólans undir flípanum Grænfáni.

Umhverfissráð leikskólans:

Hlutverk:

- að hvetja starfsmenn og börn til að fylgja umhverfisstefnu leikskólans eftir
- að sjá um eftirlit inni á deildum
- að bera ábyrgð á átaksverkefnum í ýmsum þáttum umhverfisstefnunnar
- að lesa af rafmangs- og vatnsmælum og skrásetja í hverjum mánuði
- að undirbúa og sækja um Grænfánann annað hvert ár
- að breiða út boðskapinn og vera öðrum góð fyrirmynd

Í umhverfissráði 2015-2016 sitja:

Anna Borg, leikskólastjóri/verkefnisstjóri
Guðbjörg Sara Björnsdóttir, þroskaþjálfari/ ritari
Elwira Niewulis, leikskólaleiðbeinandi
Día Björk Birgisdóttir, leiðbeinandi
Sigríður Andersdóttir, leikskólakennari
Fríða Ragnarsdóttir, grunnskólakennari
Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður

Katrín Guðbjartsdóttir, leikskólakennari sér um álestur á rafmangs- og hitamælum hússins um hver mánaðarmót (sjá fylgiskjal).

Umhverfissráð barna:

Umhverfissráð barna hefur hist tvisvar sinnum í mánuði frá áramótum 2016. Í þessu ráði sitja öll elstu börn leikskólans og kennarar þeirra ásamt leikskólastjóra. Börnin í ár eru 27 talsins og höfum við því skipt þeim í tvo hópa á fundum. Fundargerðir voru skráðar eftir hvern fund (sjá fylgiskjal). Við settum saman ákveðna umgjörð um fundi barnanna og hefur það reynst vel og auðveldar börnunum að átta sig á hlutverki sínu á fundum umhverfissráðsins.

Umgjörð fundanna hjá börnunum:

Fundirnir í ár voru haldnir á deildinni þeirra, Lundur, og var reynt að hafa þá eins líka "alvöru" fundum og hægt var. Á þeim var fundarborð, þar var lítill og stór Grænfáni, flettitafla fyrir fundarritara og að sjálfsgöðu vatn og glös fyrir fundarmenn. Allir fundarmenn eru með barmmerki á fundinum sem á stendur: "Umhverfisráð barna".

Á hverjum fundi voru fjórir "umhverfisráðherrar" valdir til að ganga um leikskólann og athuga hvort deildirnar færu sparlega með rafmagn og hefðu slökkt í mannlausum rýmum, hvort ofnarnir á deildunum væru rétt stilltir og hvort deildirnar flokkuðu ruslið rétt. Þær deildir sem sinntu þessum atriðum vel fengu viðurkenningar fyrir það, fallega stjörnu á vegg og broskall!!

Í umhverfisráði barna 2015-2016 sitja:

Anna Borg, leikskólastjóri, formaður
Fríða Ragnarsdóttir, kennari og ritari
Berglind Mjöll Jónsdóttir, deildarstjóri
27 börn í elsta árgangi leikskólans



Mat á stöðu umhverfismála:

Vorið 2016 fór umhverfisráðbarna í gegnum gátlista um umhverfismál þar sem staða leikskólans var metin. Þar sem að leikskólinn hefur unnið að umhverfismennt árum saman, og fléttað hana inn í daglegt líf leikskólans, kom hann vel út úr gátlistanum. En það má alltaf gera betur og verður stöðugt unnið í því að leita leiða til að ganga sem lengst í umhverfisvænum lífsstíl í leikskólanum

(sjá fylgiskjal).

Verkefni vetrarins: Neysla/plastneysla

Starfsmannahópurinn á Norðurbergi ákvað á endurmati á skólastarfinu vorið 2015 að taka fyrir **neyslu/plastneyslu** sem grunn að umsókn um Grænfánann fyrir skólaárið 2015-2016.

Markmiðið með verkefnavinnunni á Norðurbergi er að að lágmarka alla notkun á plasti í daglegu lífi okkar og gera börn og fullorðna meðvitaðri um skaðsemi þess fyrir umhverfið. Við ætlum að hvetja til notkunar á fjölnota innkaupapokum og við ætlum gefa öllum börnum og starfsmönnum leikskólans fjölnota innkaupapoka. Það verða ekki keyptir inn plastpokar heldur eru starfsmenn hvattir til að nota þá poka sem koma með vörum inn í hús. Einnig á að nota bréfpoka undir urðunarsorp þegar þeir eru til t.d. undir bleiur. Reyndar er það svo að hér höfum við ekki keypt inn plastpoka fyrir sorp eða annað í um 20 ár. Það hefur gengið mjög vel að ná þessum markmiðum okkar og undirtekti foreldra mjög góðar. Umhverfísráð og deildarstjórar allra deilda bera ábyrgð á að unnið sé í þessum anda þ.e. minnka allt plast eins og kostur er. Umhverfísráðið ber ábyrgð á allri hvatningu til foreldra og til samstarfsfélaga og sendir reglubundið pósta með hvatningu um að minnka plastnotkun. Nýjir foreldrar verða hvattir til að nýta fjölnotapoka í stað plastpoka.

„Eigi ég græna grein í hjarta mínu munu söngfuglarnir koma“

Hver deild fyrir sig fór sína leið að markmiðinu enda ræður aldur barnanna nokkru um hvernig hægt er að nálgast verkefnið. Á meðan á verkefnavinnunni stóð, varð heilmikil fræðsla fyrir starfsmenn og börnin sem væntanlega skilar sér lengra út í samfélagið og hvetur okkur öll til að endurskoða lífsstíl okkar yfir höfuð. Orð eru til alls vís!! Það urðu mörg og margvísleg verkefni sem við lögðum fyrir okkur og börnin og hvöttum við foreldra til að fylgjast vel með á sinni deild og helst taka þátt!!

Við söfnuðum öllu því plasti sem kemur inn með vörum og ákváðum að gera það sýnilegt, áður en því er fargað, með því að vinna listaverk, einstaklings- eða hópalistaverk. Við ákváðum að endurnýta plastið allavega einu sinni fyrir

förgun. Elstu börnin völdu sér efni til að gera úr hljóðfæri, við nýtum gamla plastblómapotta og gosflöskur til að sá í blómafræjum, merkjum blómapotta með klipptu plastræmu af skyrdollum eða íspinnum. Við ætlum að nota allskonar plastumbúðir til að skreyta í trjám og jafnvel vefa í grindverk til að skreyta fyrir sumarhátíð leikskólans í júní. Að lokum þá höldum við áfram að setja allt plast í endurvinnslugám og nýta vel það plast sem hægt er að endurnota áður en það fer í endurvinnslu.

Umhverfissáttmáli leikskólans Norðurbergs:

Leikskólinn Norðurberg leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að börnin þekki og virði umhverfi sitt og náttúru og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Leikskólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi almenn innkaup á vörum og matvælum, notkun efna, orku og vatns og meðferð á lífrænum sem ólífrænum úrgangi.

Umhverfisstefna leikskólans:

Umhverfismarkmið leikskólans eru:

1. Að barnið kynnist umhverfi leikskólans og þeirri náttúru sem umlykur það og læri að bera virðingu fyrir henni
2. Að minnka orkunotkun innan leikskólans
3. Að flokka lífrænan úrgang frá öðru sorpi og molta hann
4. Að flokka ólífrænan úrgang, skila endurvinnanlegum umbúðum á endurvinnslustöð og endurnota og endurnýta það sem ekki er hægt að endurvinna
5. Að kaupa inn lífrænt ræktaðan mat
6. Að ræsta á umhverfisvænan hátt

Leiðir að markmiðum:

1. Börnin fara einu sinni í viku í náttúruskoðun eða í útikennslu. Þá er átt við að þau fari um lóð leikskólans eða í nánasta umhverfi hans og út í "Hraunið okkar" sem liggur nærri Hrafnistu. Þarna fá börnin tækifæri á því að upplifa og njóta undur náttúrunnar. Þau eiga fyrst og fremst að njóta og skynja og rannsaka það sem er í kringum þau með hjálp þeirra fullorðnu. Það er t.d. hægt að vekja athygli á

dýralífinu, möguleikum hraunsins, sjá muninn á litla trénu og stóra trénu, liggja á bakinu og skoða tréð frá öðru sjónarhorni, finna hve mosinn er mjúkur eða hraunsteinninn kantaður, kíkja hvað er undir steinum, leita að köngulóarvef, gefa fuglum brauð yfir veturinn og smíða fuglahús yfir sumartímann og svona mætti lengi telja. Hver barnahópur á sinn bakpoka til ferðanna og er innihaldið svipað: vatnsbrúsar, box, stækkunargler/glös, vasahnífur, pokar, plástur og hvað eina sem hópnur dettur í hug með tilliti til þeirrar ferðar sem hann fer í hverju sinni. Allir hópar eiga sinn leynistað sem er oftast fallett rjóður í nágrenni leikskólans (yngstu börnin) eða í "Hrauninu okkar" (elstu börnin). Á leynistaðinn fara hóparnir reglulega til að fylgjast með þeim breytingum sem eiga sér stað á milli árstíða eða hreinlega vikna. Í vetur hafa elstu börnin farið í dagsferðir (frá 9:30-15:30) út í Höfðaskóg, skógrækt Hafnarfjarðar. Þessar ferðir hafa verið einstakar og gefið börnum og kennurum aukin tækifæri í markvissri útikennslu. Þarna hafa þau verið í leik og fræðslu og notið verunnar í kyrrð skógarins. Þessum ferðum verður haldið áfram næsta haust og vonandi gefst tækifæri að halda áfram með þessar ferðir í nánustu framtíð.

Á Degi umhverfisins, 25. apríl, ár hvert, hreinsa börn og starfsmenn lóðina og nánasta umhverfi af öllu rusli, sem síðan er flokkað. Börnin og starfsmenn sá blómafræjum í byrjun árs og gróðursetja í byrjun sumars.

Á hverju vori er sett niður grænmeti í matjurtagarðinn og hirt um hann af natni allt sumarið. Við hirðum sjálf um gróður lóðarinnar yfir árið, klippum, snyrtum, grisjum o.fl.

2. Við í leikskólanum látum ekki ljós loga í mannlausu herbergi og sjáum til þess að rafmagnstæki séu ekki í gangi að óþörfu. Til að minnka enn frekar rafmagnsnotkun er mynd af "slökkviliðsbíl og manni" (táknrænt) fyrir ofan hvern rofa í leikskólanum. Allir eru því "slökkviliðsmenn" í húsinu og allir eru ábyrgir. Einu sinni á ári, eftir hver áramót, fer átaksvika af stað þar sem allir eru minntir vel og vandlega á að spara alltaf rafmagnið. Lesið er á rafmagnsmæla um hver mánaðarmót. Þetta er gert til að fylgjast með og meta árangur.

3. Börnin í leikskólanum eru upplýst um hvað sé lífrænn úrgangur og að hann breytist í moltu ef við söfnum honum í safnkassa. En til þess að leikskólabarnið átti sig á ferlinu verður það að taka þátt í því. Á hverri deild er fata sem nefnist "Svangi Mangi" og í hana skrapa börn og fullorðnir afgangsmat. Svangi Mangi er tæmdur á hverjum degi í annars vegar safnkassa inni á deild eða hins vegar tvisvar í viku út í lokaðan safnkassa og er fylgst vel með því hvort niðurbrotið gangi eðlilega fyrir sig. Moltan blandast síðan við moldina í matjurtargarðinum og í trjá- og blómabeð á lóð leikskólans. Á lóðinni eru sjö lokaðir safnkassar fyrir matarleifar og einn opinn fyrir garðaúrgang. Við erum með moltugerðartunnur inni á þremur deildum og hefur það verið frábær vinnuhagræðing fyrir starfsmannahópin og gaman að hafa moltuna svona nálægt börnunum. Núna fylgjast þau miklu betur með niðurbrotinu og finnst eðlilegt að hafa kassa inni. Það kemur fyrir að kassarnir lykti en við gerum ekki mál úr því heldur segjum að þetta sé nú bara saklaus safnkassalykt sem hverfur fljótlega.
4. Ólífrænn úrgangur er flokkaður á öllum deildum leikskólans og honum safnað saman í endurvinnslugeymslu hússins. Þar eru endurvinnslukassar fyrir gler, leir, ál og aðra málma, bylgjupappír, blandaðan pappír, kertastubba, rafhlöður og gosumbúðir. Þessi úrgangur fer að lokum í endurvinnslugám á lóð leikskólans eða á næstu endurvinnslustöð. Keyptar eru 10 lítra mjólkurumbúðir, en einnig eru keyptar eins lítra fernur sem börnin skola og þurrka inni á deildum og fara síðan með í næsta grenndargám. Umbúðir undan t.d. kornmat er klipptur til og pappinn notaður í myndmennt. **Plastpokar úr kornpakkningum eru nýttir undir óhrein föt og annað sem fer í venjulega sorptunnu. Aðrir pokar, sem koma inn í hús, gegna sama hlutverki. Plastpokar eru ekki keyptir inn enda eru allar ruslafötur mjög snyrtilegar eftir daginn og engin not fyrir plastpoka. Öllum öðrum óendurvinnanlegum umbúðum er safnað saman og ekki hent fyrir en það er útséð um að hægt sé að endurnota/-nýta pakkninguna. Þessar pakkningar koma sér oft vel í listsköpun barnanna.**

5. Deildarstjóri eldhúss kaupir inn lífrænt ræktað íslenskt grænmeti þegar það á við, frá maí til desember ár hvert. Leitast er við að kaupa aðra vöru einsog hveiti, pasta, hrísgrjón og haframjöl lífrænt ræktaða eða heilhveiti pasta. Hér er heimabakað brauð í boði alla daga og er þess gætt að það sé úrval af kornum og spelti notað sem grunnur í baksturinn. Allur matur er unnin frá grunni, hér er ekki keypt inn unnin matvara. Á Degi umhverfisins borðum við og drekkum eingöngu matvörur úr lífrænt ræktaðu hráefni.
6. Það er fyrst og fremst vatnsræsting í húsinu og örtrefjaklútar eru notaðir til að hreinsa vaska, spegla og rúður. Umhverfisvæn gólfsápa (Svanamerkt) er notuð þegar gólfin í fataklefum verða verulega óhrein. Í leikskólanum eru eingöngu notaðar taubleiur fyrir yngstu börnin.

Það verður að hafa það í huga að leikskólabarnið lærir af því að fást við hlutina. Þess vegna er nauðsynlegt að upplýsa barnið þegar hlutirnir gerast, t.d. þegar það finnur álbút þá er tilvalið fyrir starfsmann að setja ákveðið ferli af stað; vera með barninu og setja búaðinn í endurvinnslukassa fyrir málma og spjalla við barnið hvað verður um hlutinn; fer endurvinnslu, búinn til nýr hlutur úr þeim gamla eins og t.d. niðursuðudós fyrir grænar baunir. Á þennan hátt fræðist og nemur leikskólabarnið.

Nánar um umhverfisstefnuna:

Leikskólinn Norðurberg setti sér umhverfisstefnu vorið 1998 með það að leiðarljósi að vernda umhverfið, náttúruna og vera ekki hvað síst sparsamir neytendur. Starfsfólk setti sér markmið og leiðir að settu marki og hefur þróað sig áfram allar götur síðan. Það þurfti að tileinka sér nýja starfshætti t.d. varðandi innkaup, notkun orku, vatns og efna og flokkun á úrgangi. Það er alltaf leitast við að kaupa inn vöru (pappír, mat, húsgögn o.fl.) sem er með viðurkenndu umhverfismerki auk þess sem reynt er að kaupa í nærbyggð þegar það er hægt. Eingöngu taubleiur eru notaðar í leikskólanum og hefur það vakið mikla aðdáun margra sem heimsótt hafa leikskólann.

Alltaf er leitast við að fá gefins afgangspappír eða pappa fyrir myndmennt með börnunum. Ljósritunarpappír, gæðarpappír, er eingöngu notaður hjá starfsfólki við vinnu þeirra í tölvu. Stefnan er að ganga vel um pappírinn

einsog t.d. að prenta og ljósrita báðum megin, skera auglýsingar niður og nota sem minnismiða, hvetja börnin til að teikna báðum megin þegar það er hægt og endurvinna pappír og búa til fallegar pappírsarkir. Átaksvika er á hverju hausti þar sem minnt er á leiðir til að minnka notkun á pappír.

Leikskólinn vinnur eftir árstíðunum fjórum og leggjum við inn verkefni þeim tengdum. Við sáum á vorin og uppskerum á haustin og setjum niður lauka. Við vinnum ýmis myndmenntarverkefni tengdum árstíðunum og notum mest verðlaust efni. Við syngjum árstíðabundin sönglög að hluta og lesum og segjum sögur sem tengjast árstíðunum.

Umhverfismennt barnanna fléttast að öllu leyti inn í þeirra daglega líf í leikskólanum. Hún verður þannig eðlilegur þáttur af námi þeirra og lífsstíll. Það verður að hafa það í huga að leikskólabarnið lærir af því að fást við hlutina ("learning by doing" John Dewey(1859-1952)). Þess vegna er nauðsynlegt að upplýsa barnið þegar hlutirnir gerast!

Á öllum deildum hanga uppi upplýsingar um hvað fer í safnkassann og góðar húsreglur sem við köllum smáatriðin "stóru".

Smáatriðin "stóru"

- Við hugsum áður en við hendum
- Við slökkvum ljós í mannláusu rými
- Við látum ekki vatn renna að óþörfu
- Við sópum matarleifum í Svanga Manga
- Við skilum sandinum úr fataklefa aftur í sandkassann
- Við setjum snýtupappír í Svanga Manga
- Við höfum rafmagnstæki ekki í gangi að óþörfu
- Hvetjum börnin til að teikna báðum megin á blaðið
- Söfnum yddi og notum í myndmennt
- Endurvinnum pappír
- Endurnýtum alla plastpoka
- Endurnýtum alla kassa undan matvörum
- Göngum vel um leikskólann og lóðina
- Brosum grænu brosi framan í heiminn

Eftirlit og endurmat:

Stöðugt eftirlit og endurmat tryggir að settum markmiðum sé náð. Það er hlutverk umhverfisráðs leikskólans að það sé gert og heldur ráðið fundi mánaðarlega. Einnig er endurmat í lok hvers árs á starfsemi leikskólans í heild sem allir starfsmenn taka þátt í og er farið yfir umhverfismálin eins og annað í starfseminni.

Kynning á stefnunni:

Allir foreldrar sem eiga börn í leikskólanum fá góða kynningu á umhverfisstefnu leikskólans. Hún er í Skólanámskrá leikskólans sem nú er eingöngu á netinu og einnig má finna sérstaka umfjöllun um umhverfisstefnuna og Grænfánann á heimasíðu leikskólans, www.leikskóliinn.is/nordurberg. Leikskólastjóri, ásamt deildarstjórum, er með kynningu á umhverfisstefnunni á fundi með nýjum foreldrum í júní hvert ár. Heimasíðan er uppfærð reglulega og fréttasíðan notuð til að segja frá og hvetja til bættrar hegðunar í umhverfismálum.

Leikskólinn Norðurberg er orðinn þekktur fyrir sitt starf um allt land enda vel kynntur í fjölmiðlum, fagritum og miklar heimsóknir eru í leikskólann frá innlendum og erlendum aðilum sem hafa áhuga á að kynna sér stefnu leikskólans og sjá hana í verki. Leikskólastjóri hefur haldið fjölmarga fyrirlestra um stefnuna í Hafnarfirði og í nágrannasveitarfélögum. Einnig hefur leikskólastjóri verið með námskeið, í tvígang, fyrir starfsfólk leikskóla Hafnarfjarðar og verið með kynningar í KHÍ. Í dag nýtum við heimasíðu leikskólans og tölvupóst til foreldra þar sem við erum að upplýsa um hvað er á döfinni í leikskólanum í umhverfismálum eða öðru sem viðkemur leikskólastarfinu.

Lokaorð:

Óeigingjörn vinna og áhugi starfsfólks leikskólans á umhverfismálum hafa komið honum þangað sem hann er nú, með Grænfánann sem leiðarljós. Leikskólinn hefur svo sannarlega sannað sig sem umhverfisvæn menntastofnun og fengið fjölmargar viðurkenningar og athygli fyrir starf

sitt. Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar veitti leikskólanum viðurkenningu fyrir framlag hans til umhverfismála vorið 1999. Umhverfissráðuneytið gerði slíkt hið sama á Degi umhverfisins árið 2002 og eru allir sem koma að leikskólanum stoltir yfir báðum þessum viðurkenningum. Vorið 2007 var leikskólinn tilnefndur til umhverfisverðlauna Hansaborganna í Kalmar í Svíþjóð. Árið 2008 fékk leikskólinn viðurkenningu fræðsluráðs Hafnarfjarðar fyrir virka kennslu í umhverfismennt. Þessar viðurkenningar eru fyrst og fremst hvatning til að halda fluginu og gera enn betur. Starfsmenn leikskólans hafa að auki staðið sig með prýði undanfarin ár í átakinu „hjólað í vinnuna“. Verið í fremstu röð í sínum flokki og innan Hafnarfjarðar!!

Með von um að Grænfáninn blakti við hún
í Norðurbænum í Hafnarfirði um ókomna framtíð,
kær kveðja
Anna Borg
leikskólastjóri, leikskólanum Norðurbergi
og verkefnistjóri um umsókn um Grænfánann.

Fylgiskjöl:

Fundargerðir umhverfissráðs leikskólans 2015-2016

Fundargerðir umhverfissráðs barna 2016

Mat á stöðu umhverfismála, tekið af umhverfissráði barna 2016

Skóladagatal Norðurbergs 2015-2016

Hvatning til fjölskyldna að flokka í bláu tunnuna

Bréf til foreldra vegna heimaverkefnis 2016

Þakkarbréf til foreldra vegna heimaverkefnis 2016

Bréf til foreldra um hvað við getum gert til að minnka plastnotkun 2016

Umhverfisráðsfundur 03.09.2015

Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Sigríður Anders, leikskólakennari (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Sara Björnsdóttir, þroskaþjálfari (Álfasteinn), Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Día Björk Birgisdóttir, leiðbeinandi (Brikiból) og Fríða Ragnarsdóttir, grunnskólakennari (Lundur).



Fjarverandi:

Fundur hófst kl 8:30

Dagskrá fundar:

1) Umhverfisráð skiptir með sér verkum.

Sara kemur til með að vera fundaritari, deildirnar skiptast á með að bera ábyrgð á að endurvinnslukompan sé tæmd reglulega og að fylgjast með því að það sé rétt flokkað.

2) Fundagerð síðasta fundar lesin.

3) Farið yfir hlutverk umhverfisráðs, umhverfissáttmála og umhverfisstefnu leikskólans og fundartíma sitjandi ráðs.

Muna að skrásetja fundina í dagbækur hvernar deildar, vera dugleg að hvetja starfsfólk og börnin í að vera vakandi yfir hlutverki umhverfisráðs.

Hlutverk:

- Að hvetja starfsmenn til að fylgja umhverfisstefnu leikskólans eftir
- Að sjá um eftirlit inná deildum
- Að bera ábyrgð á átaksverkefnum í ýmsum þáttum umhverfisstefnunnar
- Að undirbúa og sækja um Grænfánann annað hvert ár

Umhverfissáttmáli leikskólans:

Leikskólinn Norðurberg leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að börnin þekki og virði umhverfi sitt og náttúru og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Leikskólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi almenn innkaup á vörum og matvælum, notkun efna, orku og vatns og meðferð á lífrænum sem ólífrænum úrgangi.

Fundartími/fundardagur

Fyrsti fimmtudagur í mánuði klukkan 8:30

4) Moltutunnur.

Moltutunna 1: ósamsett inni í skiphól.

Moltutunna 2: Þarf að þurka hana betur.

Moltutunna 3: Tilbúin.

Moltutunna 4: Tilbúin.

Moltutunna 5: Tilbúin.

Moltutunna 6: ósamsett inni í Skiphól.

Moltutunna 7: Blaut og þarf að passa vel upp á að þurrka hana.

Moltutunna Lundur: Farin aftur í gang eftir sumarfrí.

Moltukassar inni: eru allir að fara aftur í gang.

Muna að hræra í öllum moltutunnum, sú deild sem á fernurnar hrærir líka í tunnunum.

- 5) **Fylgjast vel með og leiðbeina nýju starfsfólki.** Hver og einn í umhverfissráði ber ábyrgð á að leiðbeina nýju starfsfólki inni á deild hjá sér.
- 6) **Átaksvika í lífræna sörpinu.**
- 7) **Hverjir yfirfara tunnur fyrir næsta fund? Muna að taka dagbókina með!!**
Fríða og Sigríður Andres fara yfir tunnurnar fyrir næsta fund.
- 8) **Þema fyrir umsókn um Grænfána þessa skólaárs??**
þarf að ákveða á næsta starfsmannafundi (28. sept) hvaða þema Norðurberg ætlar að taka fyrir í næsta Grænfánaverkefni.
- 9) Næsti fundur verður 8. okt. kl: 8:30
- 10) **Önnur mál**

Fundi lokið: 9:00

Ritari fundarins: G. Sara Björnsdóttir

Umhverfissráðsfundur 8.10.2015

Umhverfissráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Sigríður Anders, leikskólakennari (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Sara Björnsdóttir, þroskaþjálfari (Álfasteinn), Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Día Björk Birgisdóttir leiðbeinandi (Brikiból) og Fríða Ragnarsdóttir, grunnskólakennari (Lundur).

Fjarverandi: *Sigga Anders, Anna Guðjóns*



Dagskrá fundar:

- 1) **Fundagerð síðasta fundar lesin.**
- 2) **Moltutunnur.**
 - Moltutunna 1: Ósamsett
 - Moltutunna 2: Þarf að tæma
 - Moltutunna 3: Tóm
 - Moltutunna 4: Tóm
 - Moltutunna 5: Þarf að tæma
 - Moltutunna 6: Tóm
 - Moltutunna 7: Passa vel upp á að setja þurrefni í tunnuna.
 - Moltutunna Lundur: lítið í tunnunni.
 - Moltukassar inni: Setja kassana í gang inni á öllum deildum.
 - Muna að hræra í öllum moltutunnum, sú deild sem á fernurnar hrærir líka í tunnunum.
- 3) **Tína laufblöð um leið og tækifæri gefast.** Allar deildir þurfa að vera duglegar að nýta tímann í útiveru að safna sama laufblöðum með börnunum og þurrka þau inni í Skiphól.
- 4) **Fara yfir tunnur fyrir hvern fund.** Sigga Anders og Día sjá um það fyrir næsta fund

- 5) Fylgjast vel með og leiðbeina nýju starfsfólki. Það þarf að vera vel vakandi yfir að kenna nýju starfsfólki að flokka rétt og hvetja alla til að setja í tunnur frammi í andri
- 6) Vera hvatamenn fyrir því að börnin séu að taka þátt í umhverfisstefnunni og skipuleggja það. Nota undirbúningstíma. Taka upp aftur stimpla notun sem umbun eftir að hafa sinnt ákveðnum verkefnum. Útbúnir verða listar sem fara inn á allar deildir þar sem hægt er að hafa yfirsýn yfir þátttöku barnanna í umhverfisstefnunni. Sara ætlar að útbúa þessa lista og verða þeir geymdir á sameiginlega drifinu undir Umhverfisráði.
- 7) Önnur mál
- # Búið er að taka upp allar kartöflur þetta árið það þarf að hækka garðinn fyrir næstu uppskeru, grafa neðar og setja einhverskonar jarðdúk í botninn. Anna Borg ætlar að athuga þetta fyrir næsta vor.
- # Rent a Prent hefur verið mjög mikil notkun á síðasta tímabili það útskýrist út af vinnu við STÍM og innleiðingu læsis og stærðfræði stefnunnar. Þarf að fylgjast vel með notkunninni.
- # Farið var í gegnum sorptölur - Norðurberg stendur mjög vel í samanburði við aðra, en alltaf má gera betur.
- # Þarf að passa vel upp á hita í hitakopu hjá Álfasteini og Tröllagili lækka hitann þar inni um helgar og passa að hafa hann bara á þegar er blautt í veðri.
- # Starfsmenn þurfa að vera vakandi yfir rafmagnsnotkunninni. Passa að slökkva ljósinn í mannlausum rýmum.
- # Umræða var um hvort að möguleiki væri á að fá náttúruleg innlegg í taubleiðingum til að auðvelda þríf á bleijunum. Sigga Jenný ætlar að kanna hvar hægt er að kaupa þessi innlegg.

Næsti fundur verður **12. nóv. kl: 8:30**, muna að taka dagbókina með!!

Fundi lokið: 90:00

Ritari fundarins: G. Sara Björnsdóttir

Umhverfisráðsfundur 12.11.2015

Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Sigríður Anders, leikskólakennari (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Sara Björnsdóttir, þroskafjálfari (Álfasteinn), Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Día Björk Birgisdóttir leiðbeinandi (Brikiból) og Fríða Ragnarsdóttir, grunnskólakennari (Lundur).

Fjarverandi:

Fundur hófst kl. 8:30

Dagskrá fundar:

Dagskrá fundar:

- 1) Fundagerð síðasta fundar lesin.
- 2) Átaksvikur í stillingu á ofnum í nóvember.
- 3) Fara yfir tölur frá ofnaálestri frá Katrínu.
- 4) Tína laufblöð um leið og tækifæri gefast. Mikið upp í lóð!!
- 5) Hvernig gengur að nota stimpla?
- 6) Hverning gengur að fara í fernuferðir??
- 7) Frásögn frá Sorpuferðinni??
- 8) Umsókn um Grænfána, fara yfir.



9) Skipuleggja fundi barna eftir áramót.

10) Moltutunnur;

Moltutunna 1:
Moltutunna 2:
Moltutunna 3:
Moltutunna 4:
Moltutunna 5:
Moltutunna 6:
Moltutunna 7:
Moltutunna Lundur:
Moltukassar inni:

Muna að hræra í öllum moltutunnum, sú deild sem á fernurnar hrærir líka í tunnunum.

11) Önnur mál

Fundi lokið:

Næsti fundur verður fimmtudaginn 7. janúar.

Ritari fundarins:

Umhverfisráðsfundur 11.02.2016

Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Sigríður Anders, leikskólakennari (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Sara Björnsdóttir, þroskaþjálfari (Álfasteinn), Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Día Björk Birgisdóttir leiðbeinandi (Brikiból) og Fríða Ragnarsdóttir, grunnskólakennari (Lundur).

Fjarverandi: **Sigga Anders, Sara og Anna kokkur**



Fundur hófst kl. 8:30

Dagskrá fundar:

Dagskrá fundar:

- 1) Fundagerð síðasta fundar lesin. Vantaði fundargerð frá þeim fundi.**
- 2) Átaksvikur:**
Í janúar og febrúar verða átaksvikur í hita- og rafmagnsnotkun.
- 3) Ræða tæmingar úr endurvinnslukompu**
Ákveðið að setja upp lista á hurðina þar sem tæmingar eru skráðar, það á að tæma í hverri viku og hugmynd kom upp að tæma samhliða náttúruskoðun barna. Flott hugmyndi!! Við ætlum að hafa börnin með í vinnunni, alltaf!!
- 4) Ræða frauðplast**
Frauðplast má fara í gáminn, reyna að brjóta það niður til að fari minna fyrir því. Latexhanskar mega ekki fara í plastflokkun. **Anna Borg ath.** Hvar hægt er að setja þá í flokkun.

5) Ræða startíð á verkefninu, Neysla. Setja okkur stutta verkefnaáætlun.

Ákveðið að Grænfánaverkefnið/þemagildi frá 1. Mars- 15. Maí og er á ábyrgð deildarstjóra og umhverfisráðherra. Deildar komi sér saman um markmið og leiðir/verkefnaáætlun.

Setja upp verkefnaáætlun fyrir þetta tímabil og vinna með þemað:

Neysla/plast/plastpokaneysla!!

plöstum okkur inn=flokkum plast í list=myndlist/veflist/hugsa út fyrir kassann, nota allan daginn/nota vel útivistina, vefa plast í grindverk, hlið, á bekki og hvar sem manni dettur í hug. Plastverk hangandi í trjám, húsi...ofl. og ofl.

Anna Borg setur upp flokkun til lista í Listasmiðju, en allir bera ábyrgð á að setja plast í rétta flokkun.

6) Moltutunnur:

Moltutunna 1: Tóm í Skiphól

Moltutunna 2: Frosin/þarf að tæma í vor

Moltutunna 3: Nýtekin í notkun/botnfyllli

Moltutunna 4: Full og frosin þarf að tæma í vor

Moltutunna 5: Ekki tilbúin

Moltutunna 6: Tóm í Skiphól

Moltutunna 7: Blaut, þarf þurrefni

Moltutunna Lundur: Í góðu lagi

Moltukassar inni???

Eiga að fara í gang um eða eftir helgi...

Muna að hræra í öllum moltutunnum, sú deild sem á fernurnar hrærir líka í tunnum.

7) Ábyrgð á umsýslu á moltutunnum fyrir næsta fund.

Sigga A. og Día fara yfir moltutunnur daginn fyrir næsta fund og upplýsa fundarmenn..

8) Önnur mál

Anna Borg athugar með innlegg í taubleiur

Fundi lokið:

Næsti fundur verður fimmtudaginn 3. mars 2016

Ritari fundarins:

Anna Borg og Día Björk

Umhverfisráðsfundur 03.03.2016



Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Sigríður Anders, leikskólakennari (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Sara Björnsdóttir, þroskaþjálfari (Álfasteinn), Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Día Björk Birgisdóttir leiðbeinandi (Brikiból) og Fríða Ragnarsdóttir, grunnskólakennari (Lundur).

Fjarverandi: Sara Björnsdóttir, Anna Guðjónsdóttir

Fundur hófst kl. 8:30

Dagskrá fundar:

- 1) Fundagerð síðasta fundar lesin.
- 2) Átak í rafmagni út maí, ræða við samstarfsfélaga.
- 3) Ræða tæmingar úr endurvinnslukompu:
Elwira kom með þá frábæru hugmynd að tæma í endurvinnslugáminn í upphafi hópastarfs í útkennslu/náttúruskoðun. Fundarmenn samþykktu tillöguna. Frauðplast má fara með plastinu.
- 4) Ræða startíð á verkefninu:
Neysla/plastneysla
Markmið verkefnisins: að lágmarka alla notkun á plasti í daglegu lífi okkar og gera börn og fullorðna meðvitaðri um skaðsemi þess í umhverfi okkar.
Fundarmenn ræddu nokkrar leiðir að markmiðinu og deila þeim hér með:
Anna Borg skrifar markmið og leiðir og afhendir deildarstjórum.
Flokkunarstöð með plast verður staðsett í Listasmiðju.
Hvað getum við notað í stað plastpoka?? Spurning sem við eigum að hafa í huga í verkefninu. Getum t.d. notað bréfpoka undir bleiur í lok dags, Anna kokkur safnar þeim saman. Hvetjum alla til að nota fjölnota innkaupapoka í stað einnota plastpoka. Anna Borg hefur samband við Sorpu til að fá poka.
Fundarmenn áréttu við samstarfsfélaga að flokka rétt í flokkunarkassana til að kenna börnum á einfaldan hátt á mismunandi tekundir t.d. pappírs.
- 5) Moltutunnur:
Moltutunna 1: Tóm í Skiphól
Moltutunna 2: Frosin/þarf að tæma í vor
Moltutunna 3: Í notkun
Moltutunna 4: Full og frosin þarf að tæma í vor
Moltutunna 5: Full og þarf að tæma
Moltutunna 6: Tóm í Skiphól
Moltutunna 7: Fjólublá, þarf lauf
Moltutunna Lundur: Í góðu lagi
Moltukassar inni??? Anna Borg skaffar net í kassa
Muna að hræra í öllum moltutunnum, sú deild sem á fernurnar hrærir líka í tunnunum.
- 6) Ábyrgð á umsýslu á moltutunnum fyrir næsta fund. Sara og Elwira.
- 7) Önnur mál

Fundi lokið:
Ritari fundarins:
Anna Borg og Día Björk

Umhverfisráðsfundur 07.04.2016

Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Sigríður Anders, leikskólakennari (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Sara Björnsdóttir, þroskaþjálfari (Álfasteinn), Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Día Björk Birgisdóttir leiðbeinandi (Brikiból) og Fríða Ragnarsdóttir, grunnskólakennari (Lundur).

Fjarverandi:



Fundur hófst kl. 8:30

Dagskrá fundar:

Dagskrá fundar:

- 1) Fundagerð síðasta fundar lesin
- 2) Fara yfir átaksvikur/skila inn spjöldum í grúa kassann
Nú er kominn tími á að taka niður átaksspjöldin, á sumarhátíðinni er meiningin að hafa þau öll til sýnis fyrir gesti.
- 3) Moltutunnur/umsjón:
Moltutunna 1: **ósamsett**
Moltutunna 2: tilbúin til að tæma
Moltutunna 3: í notkun
Moltutunna 4: full og blaut/þarf lauf
Moltutunna 5: flull og bleik/þarf lauf
Moltutunna 6: **ósamsett**
Moltutunna 7: full og fjólublár sproti, þarf að hræra í og bæta í hana laufum
Moltutunna Lundur: í góðu lagi verður tæmd fyrir sumarið
Moltukassar inni:
Muna að hræra í öllum moltutunnum, sú deild sem á fernurnar hrærir líka í tunnunum
Ábyrgð á umsýslu á moltutunnum fyrir næsta fund: **Sigga A og Día Björk**
- 4) Dagur umhverfisins 25. apríl, ræða hvað á að gera, skoða verkefni fyrra árs:
Ákveðið var að nota dagskrá síðasta árs þar sem að hún var svo flott. Græni dagurinn mun verða haldinn, föstudaginn 29. apríl en þann dag er einnig Norðurbergshalupið.

Umræða um að skreyta garðinn okkar þegar við erum búin að taka til hendinni og að skrautið fái að hanga í trjánum út sumarið.

5) Önnur mál

Núna eru tvær tunnur tómar í lok vetrar sem sýnir að við erum að henda minna af mat en undanfarin ár. **Frábært hjá okkur!!** En við þurfum að vera **vakandi fyrir því að skammta minna** á diskana, skera niður færri ávexti ofl.

Inni í Skiphól er mikið af spýtum sem Lundur má endilega brenna.

Anna Borg ætlar að tala við starfsmenn í Þjónustumiðstöð um að hækka kartöflubeðin og bæta í þau mold.

Innleggin í bleijurnar á minnstu deildunum er að virka vel og allir sáttir með þau.

Það stendur til að setja grenitré í brekkuna þar sem að myndast alltaf moldarflag, spurning um að setja í þetta líka grasfræ til að ná upp smá gróanda í brekkuna.

Endilega að vera **duglegar við að safna laufum** þar sem að það er ekkert til af þeim núna.

Fundi lokið: Næsti fundur verður 12. maí kl:08:30

Ritari fundarins: G. Sara

Umhverfisráðsfundur barna 20. janúar 2016



Fundarmenn eru elstu börnin, Prestir, í Lundi.

Allar Prastarstúlkurnar sátu saman á fundi.

Anna Borg, leikskólastjóri, fundarstjóri og Fríða Ragnarsdóttir, kennari og ritari fundarins og Berglind Jónsdóttir leikskólakennari, aðstoðarmaður fundarins og ábyrgðarmaður fyrir eftirliti á deildum.

Dagskrá fundar:

1. Fara yfir fundarreglur:

Anna Borg setti fundinn og fór yfir fundarreglur og þá sérstaklega að rétta upp hönd til að fá að tala eða svara og að einn tali í einu. Einnig minnti hún á Bínureglurnar, sitja með hendur og fætur hjá sér og hlusta.

Pví næst fengu fundarmenn barmmerki sem tákn um setu þeirra í umhverfisráði barna.

2. Umhverfisráð og umhverfisráðherra.

Hvað er umhverfi?- Fundarmenn ræddu um hvað væri umhverfi, það er úti og það er inni.

Hvað er umhverfisráð?- Fundarmenn fóru yfir hvað væri umhverfisráð og að við ætlum að hittast í hverjum mánuði fram til vors og ræða ýmis mál sem tengjast umhverfinu.

Hvað er umhverfisráðherrar? - Fundarmenn vissu alveg að þeir væru ráðherrar leikskólans!!

Hlutverk umhverfisráðherra? - Umræður um hlutverk okkar í umhverfisráði og þá sérstaklega þegar farið er í eftirlitsferðir um leikskólann og athuga hvort ofnar séu rétt stilltir, hvort ljós séu slökkt og rétt rusl sé í ruslafötu. Ef deildir standa sig vel fá þau stimpil og stjörnu! Það var búið að fara í tvær slíkar ferðir í október og nóvember og nú yrði valinn hópur til að fara í janúar. Umræður urðu um til hvers við slökkvum ljósin, flokkum rusl og ekki eyða of miklum hita á ofnum og Svangi Mangi.

3. Hvað er Grænfáninn?

Fundarmenn skoðuðu myndina á Grænfánanum. Rætt um hvað myndin táknaði, manneskju, tré, náttúruna, jörðina, bók sem táknar fræðslu, það sem við erum búin að fræðast um og það sem við eigum eftir að fræðast um í framtíðinni. Rætt um hvar fáninn er staðsettur og allir fundarmenn vissu það og ætluðu í framhaldi að benda mömmu og pabba á hvar hann væri og fyrir hvað hann stæði.

4. Hvað þurfum við að gera til að hafa Grænfánann?

Rætt um að við þurfum að vera dugleg að flokka, setja plast sér, ál, pappír osvfrv. Síðan færi allur matur í Svanga Manga og maturinn verður mold og við ræktum mat, blóm og tré upp úr moldinni. Við þurfum að hugsa vel um umhverfið, jörðina ekki henda rusli á götuna heldur í rétta flokkun. Nokkrar sögur komu frá fundarmönnum þar sem hneyklast var á þegar fullorðinir henda rusli út um bílglugga!! Fundarmenn áttu ekki næg orð yfir ósómanum.

5. Hvernig tunnur eru heima hjá ykkur?

Fundarmenn vissu heilmikið um flokkunina heima um bláu tunnuna, grænu tunnuna og gráu tunnuna. Allir vissu að pappír, fernur og dagblöð færu í bláu tunnuna, plast í þá grænu og allskonar rusl, sem ekki væri hægt að flokka, í gráu tunnuna. Fundarmenn ætla að vera duglegir

heima og flokka með mömmu og pabba og hjálpa til við að fara með flokkunina í túnnurnar. Þetta verður verkefni fram til næsta fundar.

6. Önnur mál

Upprifjun á fundinum og allir fengu vatn að drekka og Anna Borg sleit fundi og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og góð fundarsköp.

Ritari fundarins:
Fríða Ragnarsdóttir



Umhverfiráðsfundur barna 27. janúar 2016



Fundarmenn eru elstu börnin, Prestir, í Lundi.

Allir Prastardrengir (13) sátu saman á fundi.

Anna Borg, leikskólastjóri, fundarstjóri og Fríða Ragnarsdóttir, kennari og ritari fundarins og Berglind Jónsdóttir leikskólakennari, aðstoðarmaður fundarins og ábyrgðarmaður fyrir eftirliti á deildum.

Dagskrá fundar:

1. Fara yfir fundarreglur:

Anna Borg setti fundinn og fór yfir fundarreglur og þá sérstaklega að rétta upp hönd til að fá að tala eða svara og að einn tali í einu. Einnig minnti hún á Bínureglurnar, sitja með hendur og fætur hjá sér og hlusta.

Því næst fengu fundarmenn barmmerki sem tákni um setu þeirra í umhverfisráði barna.

2. Umhverfisráð og umhverfisráðherra.

Hvað er umhverfi?- Allt sem er úti og allt sem er í kringum okkur. Vera góður við jörðina, vera duglegur að flokka, hreinsa rusl. Drengirnir mjög meðvitaðir um hvað má ekki gera umhverfinu.

Hvað er umhverfisráð?- Fundarmenn fóru yfir hvað væri umhverfisráð og að við ætlum að hittast í hverjum mánuði fram til vors og ræða ýmis mál sem tengjast umhverfinu.

Hvað er umhverfisráðherra? - Fundarmenn vissu alveg að þeir væru ráðherrar leikskólans!! Þeir væru sko umhverfisráðherra..

Hlutverk umhverfisráðherra? - Umræður um hlutverk okkar í umhverfisráði og þá sérstaklega þegar farið er í eftirlitsferðir um leikskólann. Passa uppá ofnana sem eiga að vera mill 2-3, ath. ljósín (ekki hafa kveikt í mannlausu herbergi), ath. með ruslaföturnar (flokkun), ath. hvort tölvurnar séu í gangi að óþörfu.

Hvað er Grænfáninn?

Fundarmenn skoðuðu myndina á Grænfánanum. Hann hangir á fánastönginni við bílastæðið. Fáninn táknar jörðina, manninn, tré, fótspor (fótspor mannsins), bók sem búið er að skrifa (fortíðin) og

aðra sem á eftir að skrifa (framtíðin). Einnig að græni liturinn tákna náttúruna, mosann og grasið.

3. Hvað þurfum við að gera til að hafa Grænfánann?

Rætt um að við þurfum að vera dugleg að flokka, ekki setja rusl á jörðina, setja batterí í sér kassa og skila á endurvinnslustöð. Einnig ræddum fundarmenn um að við ættum að molta matinn.

Hvernig tunnur eru heima hjá ykkur?

Fundarmenn vissu heilmikið um flokkunina heima, um bláu tunnuna, grænu tunnuna og gráu tunnuna. Allir ætla að passa að flokka rétt í bláu tunnuna- fara með pappír/pappa í rulsageymsluna með mömmu og pabba. **Petta verður verkefni fram til næsta fundar.**

4. Önnur mál

Upprifjun á fundinum og allir fengu vatn að drekka og Anna Borg sleit fundi og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og góð fundarsköp.

Ritari fundarins:

Fríða Ragnarsdóttir



Umhverfisráðsfundur barna 17. febrúar og 16. mars 2016



Fundarmenn eru elstu börnin, Prestir og Skógarprestir, í Lundi.

Anna Borg, leikskólastjóri, fundarstjóri og Fríða Ragnarsdóttir, kennari og ritari fundarins og Berglind Jónsdóttir leikskólakennari, aðstoðarmaður fundarins og ábyrgðarmaður fyrir eftirliti á deildum.

Nemar úr HÍ, Svana og Unnur sátu seinni fundinn með okkur.

Dagskrá fundar:

Umræður: Flokka rusl

Horfa á mynd um Trjálfana og hvað er unnið úr gömlu plasti og pappír.

Fundargerð:

1. Minna á Bínu-reglurnar: sitja með hendur og fætur hjá sér, hlusta, bíða þar til röðin er komin að þér og fundarregluna að rétta upp hönd til að fá orðið. Allir fá umhverfisráðherramerki í barminn og sitja við borð.
2. Rifjað upp verkefni frá síðasta fundi, flokka pappír og fernur í bláutunnuna heima. 5 börn og 2 kennarar gerðu það. Fundarmenn ræddu um verkefnið heima og allir voru hvattir til að halda áframa að hjálpa foreldrum með að fara með pappír, pappa, umslög og fernur í bláu tunnuna. Setjum stimpil á hendi til að muna í lok fundar. Hvað fer þá í gráu tunnuna? Fundarmenn voru mjög meðvitaðir um það, bleiur, bananahýði, dósir ofl.
3. Setjum við allt rusl í eina fötu á Norðurbergi?
Nei nei við flokkum.
4. Hvað er það sem við flokkum á Norðurbergi?
Skoðum flokkunarkassa sem eru í Lundi.
Farið yfir hvað má nýta sumt af „ruslinu“ í og hvað er gert við flokkaðan úrgang í Svíþjóð. Allir höfðu farið í Sorpu, bæði með leikskólanum og fjölskyldunni. Ýmsar umræður urðu um drasl á götunni, börnin mjög hneyskluð í garð þeirra sem henda rusli út úr bílum!! Við eigum að hirða það rusl sem er á götunni.
5. Hvernig gekk síðasta eftirlit umhverfisráðherra?

- Mjög vel, allar deildir og vinnusvæði í góðu lagi.
6. Hvaða umhverfisráðherrar fara í eftirlit næst?
Vilhjálmur Thor, Brynja Dan, Orri, Eva María, Björgvin Árni og Júlía Ísey ganga um leikskólann og skoða ofna, ljós og almenna sorpið.
 7. Önnur mál
Hvað getum við gert í dag til að passa umhverfið okkar?
Passa trén og blómin. Bara klifra í stórum klifurtjráum. Ekki henda rusli. Skoðuðum afklipptar greinar í vasa sem voru farnar að lafuga fallega og Fríða sýndi fundarmönnum Lúpínufræ í potti sem verða síðan sett niður í moldina.
 8. Horfðum á Trjáálfana, hvert þeir fóru með ruslið sem þeir höfðu tínt saman í poka. Auðvitað fóru þeir í Sorpu!!

Fundi slitið!

Ritari fundarins
Fríða Ragnarsdóttir

Kæru foreldrar!

Börnin í elsta hópi leikskólans, Þrestirnir, sitja nú fram til vors í umhverfisráði barna. Við hittumst einu sinni í mánuði á umhverfsráðsfundi (tvískiptir) og ræðum saman ýmis málefni er varðar umhverfi og flokkun. Nú erum við búin að hittast í þessum mánuði og við komum okkur saman um að fá ykkur foreldra í lið með okkur á heimavelli. Börnin óska eftir því við ykkur að vera sérlegur aðstoðarmaður við að fara með pappír út í bláu tunnuna sem ætti að vera við öll heimili í dag. Þau voru ótrúlega flott að upplýsa fundinn um hvað ætti að fara í tunnuna s.s. eggjabakkar, fernur, dagblöð, auglýsingabæklingar, morgunkornspakkar, klósettrúllur, pizzukassar, umslög og fleira sem fellur til af pappír. Við ætlum svo að ræða saman á næstu fundum, í lok febrúar, hvernig gekk í verkefninu með mömmu og pabba heima. Ykkur er velkomið að senda myndir eða póst eða spjalla við starfsmenn um efnið. Fyrirfram þökk senda Anna Borg, Fríða og Bella.



Kæru foreldrar!

Hafnarfjörður 25. apríl 2016

Börnin í elsta hópi leikskólans, Prestirnir, sitja nú fram til vors í umhverfisráði barna. Við hittumst einu sinni í mánuði á umhverfsráðsfundi (tvískiptir) og ræðum saman ýmis málefni er varða umhverfi og flokkun.



Einsog þið flest vitið þá erum við að sækja um Grænfánann í sjöunda skiptið og þurfum við að skila ákveðnu verkefni til Landverndar til að fá Grænfánann áfram til næstu tveggja ára. Við stefnum á að flagga nýjum fallegum fána á Sumarhátíð leikskólans þann 4. júní.

Verkefnið sem liggur á bakvið umsóknina er:

Neysla/plastneysla

Markmið verkefnisins er að lágmarka alla notkun á plasti í daglegu lífi okkar og gera börn og fullorðna meðvitaðri um skaðsemi plasts fyrir umhverfið, náttúruna og dýraríkið.

Leiðirnar að markmiðinu eru margar og ólíkar eftir aldri og getu barnanna. Við verðum með fræðslu samhliða flokkun á plasti, hvetjum til umræðna um plast og skaðsemi þess fyrir umhverfið, hvað getum við notað í stað plastpoka? Þurfum við að setja allt í plastpoka?? Getum við notað bréfpoka eða maíspoka í staðin?? Við hvetjum alla til að nota fjölnota poka í verslunarferðum. **Fræðsludeild Sorpu** ætlar að gefa öllum börnum leikskólans og starfsmönnum, fallega fjölnota innkaupapoka sem eru búnir til úr gosflöskum!!

Við ætlum líka að gera plastið sem við notum daglega, sýnilegt fyrir börnin. Við verðum með allskonar verkefni í myndlist, veflist ofl. þar sem við notum eingöngu plast. Við ætlum að „plasta okkur inn“ vefa úr plasti á grindverk, skreyta tré með plasti og margt annað sem starfsmönnum og börnum dettur í hug að gera.



Elstu börnin, ykkar börn, fá verkefni með sér heim sem **við óskum eftir að þið hjálpið þeim** með. Allir taka með sér fjölnota innkaupapoka með sér heim og í þrjá daga eigið þið, ásamt börnunum, **að safna öllu því plasti sem til fellur frá heimilinu á þessum þremur dögum. Ekki** breyta um hegðun á þessum dögum, en auðvitað hvetjum við ykkur til að gera það í framhaldi af verkefninu!! Minnka plastnokun heimilisins!!

Hvaða plasti á að safna í pokann?? Bara öllu, ef þið notið innkaupapoka úr plasti þá fer hann í pokann, umbúðir utan af áleggi osv. frv. Ekki hlífa okkur við neinu (nema þó undan ferskum kjúkling).

Við eigum svo fund með börnunum og hellum úr pokunum, tökum myndir, ræðum um

innihaldið, hverju gætum við sleppt? Margföldum notkunina frá þessum þremur dögum yfir á heilt ár! Flokkum í kassana okkar, endurnýtum það sem hægt er að endurnýta og börnin fara síðan **heim með fjölnota pokann** og hvetjum við ykkur til að nota hann í innkaupaferðir fjölskyldunnar í framtíðinni!

Verkefnið hefst Þriðjudaginn 26. apríl og lýkur fimmtudaginn 28. apríl. Skil á verkefni er á föstudaginn 29. apríl.

Með fyrirfram þökk fyrir samvinnuna,

Fyrir hönd starfsmanna í Lundi

Anna Borg, leikskólastjóri

Kæru foreldrar þrastabarna!

Bestu þakkir fyrir frábæra þátttöku í plastsöfnuninni! En þvílíkt magn eftir aðeins þriggja daga söfnun!! Manni eiginlega óar við þessu öllu saman. Það voru 27 þátttakendur og það söfnuðust alls um **6,5 kg af plasti!!** Lauslega reiknað út þá er hvert heimili með um **29,2 kg af plasti á ári!** Fjölskyldur barna og starfsmanna reiknast 137 þannig að þessar 137 fjölskyldur skila frá sér **4.000 kg** af plasti á hverju ári! Kílóin eru ekki svo há en umfangið/rúmmálið er hrikalegt!1 En það er svo margt hægt að gera til **að minnka plastnotkun, plastpokanotkun.** Við ræddum um þetta í dag og allir voru mjög sáttir með að nota fjölnota innkaupapoka og krakkarnir ætluðu að minna ykkur foreldrana á að nota flottu grænu pokana. Að auki hvetjum við ykkur til að nota fjölnotapoka þegar þið tæmið hólf barnanna í lok viku. Svo fengu allir lista yfir góðar hugmyndir til að minnka plastneysluna.

Í anddyri leikskólans, í aðalbyggingu, má sjá allt plastið sem þessi litli hópur safnaði yfir þrjá daga (sendi í pósti myndir).

Enn og aftur bestu þakkir fyrir góða samvinnu!! Tökum höndum saman og vinnum gegn plasti, skilum umhverfinu og neyslunni okkar í betra ásigkomulagi en við tókum við hvorutveggja!!

Fyrir hönd starfsmanna,
Anna Borg leikskólastjóri



Hvað getum við gert til að minnka plastneyslu okkar?

Þessar upplýsingar birtust á vefnum Í boði náttúrunnar í tilefni af Degi jarðarinnar 22. apríl 2016.

Það er óhugnanlegt að hugsa til alls þess plasts sem ein manneskja hendir yfir ævina og stór hluti þess eru einnota plastvörur sem við leiðum ekki einu sinni hugann að þegar við hendum. Sífelld fleiri fréttir berast um rosalegt magn plasts sem skolast upp á land, finnst í maga sjávardýra, landdýra og jafnvel finnast plastefni í manneskjum. Það geta **ALLIR** lagt sitt að mörkum við að minnka plastnotkun. Hér eru 29 góð og gagnleg ráð til að minnka plastnotkun.

Í KRINGUM MAT OG DRYKK

1. Skiptu plastpokum út fyrir margnota poka og notaðu þá þegar þú kaupir í matinn.
2. Afbakkaðu óþarfa plastumbúðir utan um matvæli, t.d. þegar þú kaupir ávexti eða grænmeti í lausu.
3. Ef þig vantar vöru sem einungis fæst í umbúðum, veldu þá frekar vöru sem er pökkuð í gler eða pappa/pappír.
4. Drekktu vatn úr krana en ekki einnota plastflöskum. Settu vatn á margnota brúsa til að hafa við höndina.
5. Notaðu margnota nestisbox t.d. úr áli, undir nesti eða nasl.
6. Geymdu sett af hnífapörum á góðum stað í vinnunni til að grípa í í staðinn fyrir plasthnífapör.
7. Minnkaðu gosneyslu.
8. Slepptu því að nota drykkjarrör úr plasti.
9. Minnkaðu tyggjoneyslu - flest tyggjó, nú til dags, eru búin til úr gervi gúmmí sem er í raun plast.
10. Komdu með þitt eigið ílát þegar þú kaupir þér smoothie eða djús.
11. Notaðu glerkrukkur frekar en plastílát undir mat. Glerið má endurvinna aftur og aftur.
12. Endurnýttu plastpoka utan af brauði og notaðu sem nestispoka í staðinn fyrir að kaupa fleiri poka.

13. Komdu með þín eigin ílát og fylltu á baunir, hnetur og fræ á bulk barnum hjá Gló í Fákafeni eða Uppskerunni í Glæsibæ.
14. Skerðu niður ávexti á síðasta snúning og settu í frysti. Þá sleppur þú við að kaupa frosna ávexti í pokum.
15. Frystu mat í fernum undan mjólkurmat eða í gleri. Passa þarf að fylla fernurnar ekki alveg vegna þenslunar sem verður við frostið.
16. Notaðu vaxpappír í stað plastfilmu yfir mat.

INNI Á BAÐHERBERGI

17. Keyptu fljótandi handsápu, þvottaefni og hreinsiefni í stórum umbúðum eða fylltu á í Heilsuhúsinu.
18. Verslaðu við íslensk snyrtivöruemerki sem fylla á umbúðir eins og Sóley Organics.
19. Notaðu sápushykki sem koma í pappírsumbúðum í stað sturtusápu.
20. Skiptu burstum úr plasti út fyrir bursta úr viði eða bambusi. Þetta geta verið tannburstar, hárburstar, uppvottaburstar og skóburstar.
21. Notaðu rakvél með skiptanlegum blöðum í stað einnota.

INNI Í ÞVOTTAHÚSI

22. Notaðu tréklemmur frekar en plastklemmur til að hengja upp þvott.

INNI Í SVEFNHERBERGI

23. Notaðu heldur tréherðatré en plastherðatré til að hengja upp föt.

INNI Í BARNAHERBERGI

24. Keyptu frekar leikföng úr tré en plasti.
25. Fjárfestu í nútíma taubleijum ef þú ert enn með barn á bleiju.

ANNAÐ

26. Notaðu pensla úr viði frekar en úr plasti.
27. Notaðu eldspýtur í stað plastkveikjara.
28. Geymdu frekar föt og dót í pappakössum en ruslapokum.

29. Beindu viðskiptum þínum frekar að þeim sem nota endurvinnanlegar umbúðir í staðinn fyrir plastumbúðir.

**Hafðu í huga að margt smátt gerir eitt stórt.
Mundu líka að enginn getur allt, en allir geta eitthvað.**

